



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Lundur

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:


Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	6
3 Innra mat sérkennslu	11
4 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023	11
5 Innra mat – fjöltyngd börn	12
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	13
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.	14
8 Foreldrasamvinna.....	14
9 Fylgigögn.....	14
9.1 Leikskóladagatal.....	14
9.2 Umbótaáætlun.....	14
9.3 Ytra mat langtímaplan	14
9.4 Umsögn foreldraráðs.....	14



Leiðarljós leikskólans:



Leiðarljós

Í Lundi sitja allir við sama borð. Við sýnum börnunum, hvort öðru, foreldrum og öðrum aðstandendum barnanna, gestum og gangandi, sömu virðingu og velvilja, óháð kyni, kynhneigð, trú, uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, heilsufari, fötlun og aldri.

Einkunnarorð:

Virðing Í Lundi er ávallt haft að leiðarljósi að fólk komi fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Frá fyrsta degi er lögð áhersla á að hver einstaklingur fái jákvæða og góða sjálfsmynd þegar hann speglar sig í framkomu starfsfólksins og hinna barnanna.

Væntumþykja Andlegt öryggi barnanna í Lundi er ekki síður mikilvægt en líkamleg umhirða þeirra. Þarfir barnanna eru því í fyrirrúmi og starfsfólkið er ætíð tilbúið til þess að sinna þeim. Þetta gerir starfsfólk Lundar af þeirri væntumþykju og alúð sem þarf til að börnin finni alla þá elsku sem þau þarfnast hverju sinni.

Velliðan Velliðan barna í leikskóla er forsemda þess að þau geti notið þess sem þar er boðið upp á, í námi og starfi.

Virkni Sé fyrrnefndum þörfum barnanna fullnægt leiðir það af sér virka og örugga einstaklinga sem eru tilbúnir til þess að rannsaka og tileinka sér allt á milli himins og jarðar.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2021 til 2022 einkenndist framan af, líkt og árið áður, af áframhaldandi varúðarráðstöfunum. Fram á nýja árið var flest allt í föstum skorðum í Lundi og allt gekk vel. Jólin komu og fóru með sínum kósíheitum og nýtt ár var rétt búið að heilsa - þá hófst ballið. Covid lamdi á dyrnar og tróð sér inn. Nú hófst darraðardansinn. Covid var orðin staðreynd í Lundi með tilheyrandi sýnileika. Allt starfsfólkið veiktist á einu bretti ásamt stórum hluta barnahópsins. Þegar litið er til baka þá er það mest um vert að þetta áhlaup virðist ekki hafa haft nein eftirköst í för með sér hvorki fyrir börnin né starfsfólkið og því ber að fagna.

Í febrúar og fram í mars birtist önnur óvænt uppákoma, þá í boði veðurguðanna sem voru í miklum ham, og á tímabili í algjöru æðiskasti, með tilheyrandi afleiðingum fyrir eyjaskeggja. Um tíma var ofsinn slíkur að veðurfræðingarnir áttu ekki nógu sterka liti í gulu, rauðu og appelsínugulu. Skelkaður landinn vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið, með tilheyrandi ófærð í formi himinhárna skafla og lokana úr öllum áttum.

Á skaftinu er rúmlega hundrað ára gamalt hús sem hýsir Lund. Þetta hús man sinn fífil fegurri útlitslega séð. Í gegnum tíðina hefur þetta hús fengið ótal áhlaup úr öllum áttum í boði veðurguðanna. Enn og aftur sýndi það og sannaði að hér stendur vel byggt hús sem strax í upphafi var vandað til að öllu leyti. Þrátt fyrir kolvitlaus veður halda flísarnar sér fast og þakið er heldur ekkert að fara. Meira að segja útiskúrinn okkar sem orðinn er u.þ.b. 60 til 70 ára gamall og lítur ágætlega út enda fengið andlitslyftingu oftar en einu sinni síðastliðin ár. Fyrirnefndur skúr lenti heldur betur í auga stormsins og enn og aftur haggast hann ekki þrátt fyrir áhlaup úr öllum áttum. Ef húsið á skaftinu og skúrinn á útivistarsvæðinu okkar gætu sagt frá þá kæmu örugglega margar skondnar og skemmtilegar sögur ásamt ómetanlegum fróðleik um íslenskt veðurfar í rúm hundrað ár.

Máltækið segir að öll él stytti upp um síðir, það á svo sannarlega við í Lundi sem og annars staðar. Nú er það blessaður vorboðinn ljúfi með tilheyrandi fuglasöng og ilm sem hefur nú þegar klappað svo undur blíðlega á dyr. Handan við hornið boðar sumarið komu sína ásamt vinum okkar flugunum sem bíða spenntar eftir félagsskap barnanna á hólum og í lautum stóra villta útisvæðisins okkar. Sólin brosir sínu breiðasta og dáist og hrífst endalaust að ungu gleðigjöfunum sem kunna svo sannarlega að njóta augnabliksins og eru svo óendanlega frjó í kollinum sínum.



Starfsfólkið í Lundi er og hefur verið einstakt. Aldrei hefur það velst fyrir neinum, sama hvað á gengur, að spýta í lófana og bretta enn lengra upp ermar með því hugarfari að gera ávallt sitt besta og hugsa í lausnum. Fyrir það ber að þakka.

Yndisleg börn eiga yndislega foreldra sem ávallt hafa sýnt leikskólanum mikinn skilning og æðruleysi á óvæntum og ófyrirsjáanlegum breytingum á leikskólastarfinu oft með litlum sem engum fyrirvara. Fyrir það ber að þakka.

Í lok hvers leikskólaárs er það mikil gæfa hvers leikskóla og starfsfólks hans, að geta með stolti horft um öxl og sagt: Hér eru og voru hamingjusöm börn sem öll komust heil heim að kvöldi dags, döfnuðu og þroskuðust sátt og sæl við allt og alla.

Á þessu leikskólaári eru það nemendur fæddir 2020 og 2021 sem kveðja í Lundi og takast á við annað leikskólastig í nýjum leikskóla. Það er bæði með þakklæti og eftisjá sem starfsfólk Lundar kveður þá og fjölskyldur þeirra.

Aðlögun fyrir næsta leikskólaár er hafin og í fullum gangi. Verið er að aðlaga nýja meistara fædda 2021 og 2022 ásamt fjölskyldum þeirra. Þessi börn munu áfram njóta breiðu brosanna og hlýjunnar sem umvefur þau, hvetur og huggar í fjarveru foreldranna. Furðu fljótt aðlagast börnin og augu þeirra opnast fyrir óteljandi möguleikum leikskólalífsins.

Valgerður H. Valgeirsdóttir



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Þrátt fyrir að ekki sé farið fram á greinargerð vegna innra starfs deildarinnar á leikskólaárinu þá veljum við að skrifa hana þar sem hún gefur betra yfirlit yfir starfsemi leikskólans. Foreldrar barnanna í Lundi fá starfsáætlunina til yfirlstrar og þeirra vegna er þessi leið farin.

Aðlögunin

Tekið verður á mót 32 börnum frá ágúst og fram í desember 2022.

Það sem helst er lögð áhersla á þegar aðlögun á sér stað, og raunar alltaf, er andrúmsloftið innan veggja leikskólans, en um einnar deildar leikskóla er að ræða. Þar viljum við hafa öruggt, rólegt og afslappað leikskólaumhverfi. Þetta eru ekki einföld markmið og stundum er erfitt að ná þeim árangri sem sóst er eftir að minnst kosti fyrstu vikunnar, en það hefst nú samt. Nemendur Lundar eru ungir og flest eru þau, ef ekki öll, að feta nýjar slóðir í fyrsta skiptið. Eðlilega láta þau vel í sér heyra á meðan þau eru að lesa í umhverfið og aðlagast leikkólanum. Smám saman færast ró yfir allt og alla.

Þemun í Lundi

Hin árlegu þematímabil liðu ljúflega í gegnum starfið. Þemun eru ætíð hin sömu.

Haustþema	Umfjöllunarefni	Ég sjálf/ur
Jólaþema	Umfjöllunarefni	Jól og áramót
Vetrarþema	Umfjöllunarefni	Ég sjálf/ur og nánasta umhverfi mitt
Vor- og sumarþema	Umfjöllunarefni	Ég sjálf/ur og náttúran

Að fá fram sjónarmið barnanna og auka vægi skoðana þeirra og lýðræðis.

Sú leið var farin að auka fjölbreytni í vali leiktækifæra í fyrirfram ákveðnu rými innan leikskólans. Þar hafa börnin frelsi til að velja og hafna en aðstæðurnar bjóða líka upp á árekstra. Þá er þeim hjálpað, ef þörf krefur, til að komast að samkomulagi um hvernig báðir aðilar gætu notið leiksins annað tveggja; sitt í hvoru lagi eða saman. Haldið verður áfram að leita fleiri leiða til þess að auka val barnanna til leiktækifæra.

Jafnrétti:


Í Lundi er Jafnrétti stöðugt lifandi í umræðunni á meðal barnanna, á milli barna og starfsmanna og á meðal starfsmanna.

Öryggismál:

Öryggi barnanna í Lundi er ætíð í hávegum haft í samræmi við Námskrá Lundar. Annað hvert ár kemur forvarnarfulltrúi og heldur námskeið; í slysa- öryggis- og forvörnum barna, fyrir starfsfólkið. Haft er til hliðsjónar m.a. Handbók um velferð og öryggi barna í leikólanum. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014) og öryggishandbækur leikskólans.

3. Innra mat 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sjónarmið barnanna og vægi skoðana þeirra og lýðræðis.	Símat á virkni starfsfólks og áhuga þeirra til að finna nýjar leiðir og aðferðir sem henta hverjum aldurshóp. Viðbrögðum barnanna gagnvart viðfangsefninu	Börn/starfsfólk	Aukið hugmyndaflæði og framkvæmd á verkefnavali. Ánægðari börn og verkefnið heldur áfram. Verkefnið er enn í gangi og verður áfram..
Jafnrétti	Símat á jafnrétti meðal barnanna, á meðal starfsmanna og á milli þeirra.	Stjórnarteymi	Verkefnið er enn í gangi og verður áfram.. .
Öryggismál: Forvarnir	Með símati, yfirsýn og athugunum á; -öllum athöfnum barnsins -matartíma -hvíldartíma -bleiuskiptum -leikmunum	Forvarnar- og öryggisteymi Lundar.	Verkefnið er enn í gangi og verður áfram..
-Lýðræði- Aðgengi barnanna að viðfangsefnum í leikskólanum.	Mat starfsfólksins á lýðræði innan dagskipulagsins.	Starfsfólk leikskólans.	Niðurstaðan varð sú að alltaf má gera betur. Úrbætur hafnar með auknu aðgengi barnanna að hinum ýmsu viðfangsefnum. Verkefnið er enn í gangi og verður áfram.



Skóla- og frístundasvið:

Eins og áður kom Tölfræði- og rannsóknasvið í reglubundið eftirlit. Fyrir heimsóknina fékk leikskólastjóri sendan lista með spurningum sem hann svaraði:
Engar athugasemdir voru gerðar.

Heilbrigðiseftirlit:

Árlegt eftirlit, hefur ekki enn átt sér stað.

Eldvarnareftirlit:

Árlegt eftirlit, hefur ekki enn átt sér stað.

Ytra mat 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Innra starf leikskólans	Fulltrúar Skóla- og frístundasviðs komu í árlegaheimsókn. Spurningalisti barst fyrir heimsóknina.	Leikskólastjóri, annað starfsfólk og börn í Lundi.	Engar athugasemdir voru gerðar.
Húsakostur Lundar Útivistarsvæði Lundar	Heilbrigðiseftirlit : Árlegt eftirlit, hefur ekki enn átt sér stað.		
Húsakostur Lundar	Eldvarnareftirlit: Árlegt eftirlit, hefur ekki enn átt sér stað.		



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023 (heildarmat leikskólans)

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Samskipti/hvatning	Stöðugt aukin gæði náms og starfs í leikskólanum.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur hvetja starfsfólk til góðra verka.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur.	Hafið	Sept. '22.	Lokafundur verkefnisins innan starfsmannafundar í ágúst 2022.	Góður leikskóla- bragur og hvetjandi námsumhverfi Réttlátar vinnureglur. Skólastjóri lætur sér annt um velferð starfsmanna sinna.
Uppeldis- og menntastarf							
Skráningar	Gera styrkleika getu og áhuga barnanna sýnilegri starfsfólki.	Fræðsla um uppeldis- fræðilegar skráningar.	Leikskóla-stjóri	Hafið	Okt/nóv 2024	Okt/nóv 2024	Ekki tókst að ná þeim árangri sem til var ætlast en haldið verður að auka færni starfsfólks til skráninga.
Umhverfisnám	Aukin þekking barnanna á viðfangsefninu og aukin umhverfisvitund þeirra.	Útinám var tekið upp og skipulagt í hópastarfi. Haldið verður áfram að auka færni starfsfólksins á umhverfisfræðslu.	Stjórnenda-teymi	Hafið	2022	Viðmiðum og vís- bendingum SFS. Lýkur í sept/okt. 2022.	Aukinn áhugi barnanna á útiveru og meiri þekking á útileik- svæðinu og nánasta umhverfi leikskólans,
Sköpun	Að ferli sköpunar verði viðurkennt sem jafn mikilvægt og afurðin.	Litrík listaverk í boði barnanna skreyti úti-svæði barnanna en heimssýn þeirra skili sér inn í listsköpunina.	Stjórnenda-teymi.	Hafið	2022	Viðmið og vísbendingar SFS	Endurskoðað hefur verið vinnulag sem lagði of mikla áherslu á endanlegt útlit afurðar.
Menning							
Upplifun	Aukið menn- ingarlíf í Lundi	Hreyfing/dans	Leikskóla-stjóri	Hafið	Mai/júní 2024	Viðmið og vísbendingar SFS Metið reglubundið þrisvar á ári; á starfsmannafundum, endurmati og skipulagsvinnu, í nóv; mars/apríl og í júní.	Gleði og áhugi barna og fullorðinna



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023 (heildarmat leikskólans)

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mannauður							
Hlutverk leikskólakennara	Að leikskóla-- kennarar og aðrir kennarar miðli starfsmönn-um af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.	Faglegri vinna starfsmanna í daglegu starfi með vísan til þema leikskólans.	Fagteymi.	Hafið	Okt. 2022	Símat fagteymis/starfs- fólks.	Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann. Starfsfólkið ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað.
Leikskólabragur							
Velferð og líðan barnanna	Horft verði til Stefnu og einkunnar-orða leikskólans í námskrá Lundar. Þau eru: Virðing. Væntum-þykja. Vellíðan. Virgni.	Byrjað verður á að skilgreina virðingu og horfa á hvernig hún birtist í Lundi.	Matsteymi/stjórnar- teymi.	Hafið.	Nóv. 2022.	Sjálfsmat starfsfólks með aðstoð skráningar.	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og hinna barnanna.
Innra mat							
	Sjá fylgiskjal 9.3 Ytra mat - Langtímaplan.						

3 Innra mat deildar 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Kennsla þula og ljóða	Vægi þula og ljóða í dagskipu- laginu.	Aukin áhersla á að finna fleiri leiðir innan dagskipu- lagsins til þula- og ljóðakennslu.	Fagteymi	Hafið	Verkefni- ið er enn í gangi og lýkur í júlí 2023.	Fagteymi og annað starfsfólk meta undirtektir barna og starfsfólks.	Að börnin þekki og taki þátt í flutningn- um eins og aldur og þekking leyfa.
Útivera/útinám.	Valið	Í valinu býðst barninu útivera/útinám.	Fagteymi	Hafið.	Verkefni lýkur júlí 2023.	Fagteymi/starfs-fólk meta undirtektir.	Aukið lýðræði í Lundi.

4 Innra mat sérkennslu

Á ekki við

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	

5 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

Á ekki við

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Á ekki við

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

Á ekki við

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl verða tekin í febrúar.

Nýttur verður sem endranær viðtalsrammi fyrir einstaklingsviðtal úr *Leiðbeiningum um innra mat Leikskóla*.

Hver starfsmaður fær í hendur til undirbúnings fyrir samtalið:

- Spurningar til umhugsunar og samræðna er varða m.a; væntingar starfsmanna til vinnustaðarins, innra starfsins og nýjunga.
- Aðalnámskrá leikskóla, 2011
- Námskrá Lundar.
- Starfsáætlun Lundar.
- Námsvísi Lundar.
- Forvarnar- og öryggishandbækur Lundar.

Fræðsla leikskólaárið 2021-2022:

- Nýtt var fagleg þekking innan leikskólans
- Haldið var áfram upprifjun á öryggismálum leikskólans (frá árinu 2019-20)
- Vegna Covid 19 var horfið frá því að fá utanaðkomandi fræðslu í leikskólann.

Áætlun um fræðslu leikskólaárið 2022-2023:

Stefnt er að eftirtöldum atriðum í áætlun um fræðslu á leikskólaárinu:

- Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna heldur námskeið í forvörnum, slysa og öryggismálum með sérstaka áherslu á ung börn í leikskólum.
- Fræðsla um uppeldisfræðilega skráningu í leikskóla.
- Sjá, heyra og upplifa hvað aðrir leikskólar eru að gera.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Á ekki við

8 Foreldrasamvinna

Í Námskrá Lundar er kafli sem heitir Leikskólinn og fjölskyldan, á bls. 26 til 29. Í honum er að finna nánari upplýsingar um foreldrasamvinnu.

Foreldraráð

Vegna sérstöðu Lundar sem ungubarnaleikskóla er foreldraráð ekki kjörið fyrr en að hausti. Foreldrakjör fer fram á hverju leikskólaári.

- Þrír fulltrúar sitja í foreldraráði.
- Foreldraráð starfar skv. 11. gr. laga um leikskóla frá 2008.
- Foreldraráð setur sér starfsreglur.

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar fá:

- Tvö foreldraviðtöl á leikskólaárinu (að öðru leyti eftir óskum)
- Umsögn varðandi barn sitt á vor/sumarönn.

9 Fylgigögn

9.1 Leikskóladagatal

9.2 Umbótaáætlun

9.3 Ytra mat langtímaplan

9.4 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs mun berast Skóla- og frístundasviði í ágúst/september 2022.

F. h. leikskólans Lundar

Leikskólastjóri

Dagsetning





Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Leikskólinn Lundur

SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST
1 F	1 L	1 Þ	1 F Fúlvéldisdagurinn Jónabarna	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Verkalyðdagurinn	1 F	1 L	1 Þ
2 F	2 S	2 M	2 F	2 M Skíplagsdagur	2 F Starfsbrúnaarviðlið hefst	2 F	2 S Pálmasunnudagur	2 Þ Starfsmannafundur, endumat, skíplagsdagur	2 F	2 S	2 M
3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F Starfsbrúnaarviðlið	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M Skíplagsdagur	3 F
4 S	4 Þ Hvítibarna hefst	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Sunnudagurinn	4 Þ	4 F
5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M Skíplagsdagur	5 F	5 M	5 M	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þrettándinn, Jónabarna	6 M Dagur leikskólans, Starfsbrúnaarviðlið	6 M	6 F Skírdagur	6 L	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ Starfsbrúnaarviðlið	7 Þ	7 F Föstudagurinn langi	7 S	7 M	7 F	7 M Fridagur verslunarmanna
8 F Dagur leikis	8 L	8 Þ Þriðjudagur góðvænleis	8 F	8 S	8 M Starfsbrúnaarviðlið	8 M	8 L	8 M Förelðarviðlið hefst	8 F	8 L	8 Þ
9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F Starfsbrúnaarviðlið	9 F	9 S Þriðjudagur	9 Þ Förelðarviðlið	9 F	9 S	9 M
10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F Starfsbrúnaarviðlið	10 F	10 M Annar í jólam	10 M Förelðarviðlið	10 L	10 M	10 F
11 S	11 Þ	11 F Starfsmannafundur, endumat, skíplagsvinna	11 S	11 M	11 L Dagur íslenskra tákmaláms	11 L	11 Þ Skíplagsdagur	11 F Förelðarviðlið	11 S	11 Þ	11 F
12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F Förelðarviðlið	12 M	12 M	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F Fimmtudagur	13 M Starfsbrúnaarviðlið	13 M	13 F Vinnu við umsagnir barna hefst	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ Starfsbrúnaarviðliðum lokið	14 Þ Dagur starfsráðgjafar	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M
15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M Förelðarviðlið	15 F	15 L	15 Þ
16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 S	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 M Veitabarna hefst	16 F	16 F	16 S	16 Þ Förelðarviðlið	16 F	16 S	16 M
17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F Veitabarna lýkur	17 M	17 M Förelðarviðlið	17 L Lýðveldisdagurinn	17 M	17 F
18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F Vesturlandsdagur	18 S	18 Þ	18 F Vor og sumarþarna lýkur
19 M	19 M	19 L	19 M	19 F Starfsmannafundur, endumat, skíplagsvinna	19 S Sunnudagur	19 S	19 M	19 F Förelðarviðlið	19 M	19 M	19 L
20 Þ	20 F	20 S Dagur mannréttinda barna	20 Þ	20 F Skírdagur	20 M Skíplagsdagur	20 M	20 F Sumardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ Þriðjudagur	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M
22 F Fimmtudagur Starfsmannafundur, endumat, skíplagsvinna	22 L Fyrsti vetrardagur	22 Þ	22 F	22 S	22 M Öskudagur	22 M	22 L	22 M Förelðarviðlið	22 F	22 L	22 Þ
23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F Þriðjókemsa, Skíplagsdagur	23 F	23 S	23 Þ Förelðarviðlið	23 F	23 S	23 M
24 L	24 M	24 F	24 L Aftirlagsdagur jóla	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M Förelðarviðlið	24 L	24 M	24 F
25 S	25 Þ	25 F Hvítibarna lýkur	25 S Jóladagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F Förelðarviðlið	25 S	25 Þ	25 F Starfsmannafundur, endumat, skíplagsvinna
26 M Einvörðskí tungumáladagurinn	26 M	26 L	26 M Annar í jólam	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F Förelðarviðliðum lokið	26 M Starfsmannafundur, endumat, skíplagsvinna	26 M	26 L
27 Þ	27 F Stórnafundur	27 S	27 Þ	27 F Stórnafundur	27 M	27 M Vor og sumarþarna hefst	27 F Fimmtudagur	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F Vinnu við umsagnir barna lýkur	28 S Hvítasunnudagur	28 M	28 F	28 M
29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Annar í Hvítasunu	29 F	29 L	29 Þ
30 F	30 S	30 M Fimmtudagur	30 F	30 M	30 M	30 F	30 S	30 Þ Starfsmannafundur	30 F	30 S	30 M
	31 M		31 L Gamlársdagur	31 Þ		31 F		31 M Stórnafundur		31 M	31 F Námsskíldagur

Fylgiskjal 2

Umbótaáætlun 2022-2023

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Námsumhverfi barnanna (svið 2, Umbótaáætlun <i>Uppeldis- og menntastarf</i> , bls. 5) Máltaka og málproski	Að styðja við máltöku og málproska barnanna.	Aukin áhersla á frásagnir í samverustundum og hópastarfi með þátttöku barnanna sjálfra	Hafið Lokið 2022	Stjórnenda- teymi	Með Viðmiðum og vísbendingum SFS	Aukin þátttaka og gleði barnanna í samverustundum og hópastarfi.
Umhverfisnám Námsumhverfi barnanna (svið 2, Umbótaáætlun <i>Uppeldis- og menntastarf</i> , bls. 5) Sköpun	Að ferli sköpunar verði viðurkennt sem jafn mikilvægt og afurðin.	Litrík listaverk í boði barnanna skreyta nú útisvæði barnanna en heimssýn barnanna skilar sér inn í listsköpunina.	Hafið og lokið 2022	Stjórnarteymi	Viðmið og vísbendingar SFS	Endurskoðað hefur verið vinnulag sem lagði of mikla áherslu á endanlegt útlit afurðarinnar.

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Námsumhverfi barnanna (svið 2, Umbótaáætlun <i>Uppeldis- og menntastarf</i> , bls. 7) Umhverfisnám	Aukin þekking barnanna á viðfangsefninu og aukin umhverfisvitund þeirra.	Útinám var tekið upp og skipulagt í hópastarfi. Haldið verður áfram að auka færni starfsfólksins á umhverfisnámi.	Hafið Lokið 2022	Stjórnendateymi	Með Viðmiðum og vísbendingum SFS	Aukinn áhugi barnanna á útiveru og meiri þekking á útileiksvæðinu og nánasta umhverfi.
Námsumhverfi barnanna (Svið 2 Umbótaáætlun <i>Uppeldis og menntastarf</i> , bls 8) Menning	Aukið menningarlíf í Lundi.	Tónlist/dans. Fjölmenningatengdar upplifanir. Leikin tónlist frá ýmsum löndum og tengt dansi og frásögnum. T.d. latínó dans og hristur.	Hafið Okt. 2023	Leikskólastjóri	Viðmið og vísbendingar SFS Endurmetið þrisvar á ári á starfsmannafundum, endurmats og skipulagsvinnu, í nóv. , mars og ágúst.	Gleði ,áhugi og upplifun barna og fullorðinna.

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Stjórnun (Svið 1 Umbótaáætlun, <i>Uppeldis- og menntastarf,</i> <i>bls 3)</i> Samskipti/hvatning.	Að leikskóla- kennarar og annað starfsfólk séu stöðugt að auka gæði náms og starfs.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur hvetja starfsmenn til góðra verka.	Hafið og lýkur í sept. 2022	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur.	Rýnt í málið á starfsmanna- fundi í ágúst 2022	Starfsmenn finna að starf þeirra er metið og þeir geta reitt sig á leiðbeiningar þeirra sem hafa meiri þekkingu en þeir sjálfir.
(Svið 2 Umbótaáætlun <i>Uppeldis og menntastarf,</i> <i>bls 10)</i> Skráningar.	Gera styrkleika getu og áhuga barnanna sýnilegri starfsfólki.	Stefnt að því að fá fyrirlesara með fræðslu og leiðbeiningar um uppeldisfræðilegar skráningar.	Hafið. Lýkur júlí 2022	Leikskólastjóri	Endurmetið í síðasta lagi í júlí 2022	Aukin færni starfsfólks til skráninga.

Fylgiskjal 3

Langtímaplan leikskólaárið 2022 - 2023

Ytra mat

Í Lundi er starfandi matsteymi sem í sitja leikskólastjóri, faglegur stjórnandi og starfsmannastjóri. Þeir vinna ýmist saman að matinu eða skipta því með sér. Matsteymið sér um að kynna umbæturnar fyrir starfsfólki, sér um að þeim sé framfylgt og gerir nýjar áætlanir. Til viðmiðunar nýtir matsteymið sér:

- Viðmið og vísbendingar, útgefið af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur 2014.
- Aðalnámskrá leikskóla, útg. af Menntamálaráðuneyti 2011,
- Námskrá leikskólans Lundar,
- Leiðbeiningar um Innra mat leikskóla, unnið af Sigríði Sigurðardóttur fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.

Viðfangsefni	2018- 2019	2020- 2021	2021- 2022	2022- 2023	2023- 2024
--------------	---------------	---------------	---------------	---------------	---------------

Stjórnun

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi					X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur					X
Faglegt samstarf					X
Leikskólaþróun og starfsþróun	X				
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X	X

Uppeldis- og menntastarf

Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X	X
Uppeldi menntun og starfshættir	X	X	X	X	X
Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X			X	
Námssvið leikskólans	X				X
Leikskóli án aðgreiningar					X
Mat á námi og velferð barna	X	X		X	X

Mannauður

Hlutverk leikskólakennara		X			X
Fagmennska starfsfólks				X	
Starfsánægja	X				X

Viðfangsefni	2018-2019	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
--------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

Leikskólabragur

Viðmót og menning					X
Velferð og líðan barna	X	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun					X
Viðhorf foreldra					x

Innra mat

Framkvæmd					X
Gagnaöflun og vinnubrögð					X

Gagnaöflun og greining.

- Á ári hverju fer matsteymi Lundar í gegnum námskrá leikskólans og starfsáætlun og ræðir þáverandi stöðu leikskólans út frá þeim áætlunum sem þar eru gerðar. Stuðst er við *Viðmið og vísbendingar* við matið.
- Börnin í Lundi eru ung og aðeins þau elstu eru farin að tjá sig með tali. Á þau er hlustað en fylgst er með öllum börnunum, ánægju þeirra og gleði, óánægju og leiða. Út frá þessum þáttum er lesið í aðstæður, erum við á réttari leið eða ekki.
- Starfsmenn Lundar eru hvattir til þess að koma með ábendingar til leikskólastjóra um það sem betur má fara í starfinu/skipulaginu. Síðan er málið skoðað ofan í kjölinn og annað tveggja gert; að breyta því sem breyta þarf eða benda viðkomandi á aðra og betri leið.
- Starfsmenn eru hvattir til þess að ræðast við og benda á það sem betur mætti fara og hrósa fyrir það sem vel er gert.
- Í foreldraviðtölum eru foreldrar spurðir um velferð og líðan barna þeirra.
- Í starfsmannaviðtölum eru viðhorf starfsmanna og gengi þeirra í starfinu rædd. Nýttir eru gátlistar frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*.
- Á starfsmannafundum er innra mat rætt. Þyki ástæða til og reynist breytingar ekki til bóta er lagt fyrir fundinn að finna aðra leið og færari.
- Allar tillögur starfsfólks eru vel þegnar og greindar. Þegar umbætur eru metnar og þeim forgangsraðað er notað greiningartækni frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*.

A	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
C	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar eru fleiri en styrkleikar.
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Ef þessi skali er notaður þá gætu allar vísbendingar sem fá einkunina A talist til styrkleika en C og D þarfnast umbóta.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
Stjórnun					
Námskrá Lundar, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	Endurskoðun Námskrár Lundar með tilliti til hugsanlegra breytinga laga og reglugerða.	Námskrá Lundar stenst Aðalnámskrá leikskóla, Lög og reglugerðir Mennta- og menningar- málaráðuneytis og Skólastefnu Reykjavíkurborgar.	- Aðalnámskrá Mennta- og menningarráðun. - Barnaverndarlög - Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna - Skólastefna Reykjavíkurborgar - Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólanum.	Hafið. Lýkur nóv. 2022.	Leikskólastjóri.
Uppeldis- og menntastarf					
Skipulag náms og námsaðstæður.	Með auknum námstækifærum barnanna, sveigjanleika starfsfólks og innan húsnæðis.	Í Lundi er gott og samþætt námsumhverfi sem styður við og örvar alhliða þroska barnanna.	- Aðalnámskrá mennta- og menningarráðuneytis, - Skólastefna Reykjavíkurborgar - Námskrá Lundar - Með samræðum	Gagnaöflun og greiningu verður lokið í nóv. 2022.	Matsteymi/ Stjórnarteymi.
Uppeldi menntun og starfshættir.	Skapa aukið svigrúm vegna hreyfiþarfar barnanna í leik og samskiptum.	Í Lundi fá börnin viðfangsefni við hæfi og stuðning við námshvöt sem birtist í sjálfsprottum athöfnum og áhuga.	- Aðalnámskrá mennta- og menningarráðuneytis, - Skólastefna Reykjavíkurborgar - Námskrá Lundar - Með samræðum - Viðbrögðum barnanna.	Hafið og lýkur í okt. 2022.	Matsteymi og stjórnarteymi.
Mat á námi og velferð barna.	Í Lundi sitja allir við sama borð. Tryggja að börnin fái þá menntun og umönnun sem þeim ber.	Lundur uppfyllir þarfir og möguleika allra barna. Sjá Leiðarljós Lundar bls. 2 í Námskrá Lundar.	Skýrsla um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni barna. Gátlistar og samræður.	Gagnaöflun og greining. lokið í okt. 2022.	Matsteymi/ Stjórnarteymi.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
Mannauður					
Hlutverk leikskólakennara.	Að leikskóla- kennarar miðli starfsmönnum af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.	Faglegri vinna starfsmanna í daglegu starfi.	Þemu Lundar ásamt gögnum sem þemun byggja á.	Hafið og lýkur í okt. 2022.	Stjórnarteymi.
Leikskólabragur					
Velferð og líðan barna.	Horft verði til Stefnu og einkunnarorða leikskólans í Námskrá Lundar. Þau eru: • Virðing • Væntumþykja • Vellíðan • Virkni. Byrjað verður á að skilgreina Virðingu og horfa á hvernig hún birtist í Lundi.	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og hinna barnanna.	Námskrá Lundar Sjálfskoðun: • Samskipti starfsmanna. • Samskipti starfsmanna og barna. • Samskipti barnanna. • Samskipti starfsmanna og foreldra.	Gagnaöflun og greining. Hafið og lokið í nóv. 2022.	Matsteymi/ Stjórnarteymi.

Heimildaskrá:

1. *Aðalnámskrá leikskóla.* (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Reykjavík.
Sótt af:
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
2. Barnaverndarlög 2002 nr. 80 10. Maí
Sótt af:
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html>
3. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
Sótt af:
<https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
4. *Námskrá leikskólans Lundar.*
5. Menntastefna Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast*
Sótt af
https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf
6. Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum
Sótt af:
https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf
7. Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat leikskóla.* Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.
Sótt af:
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4f5977cd-52a6-11e7-941a-005056bc530c>
8. Björk Ólafsdóttir, Berglind Hansen, Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, Jónína Konráðsdóttir, Kristín Hildur Ólafsdóttir, Lena Sólborg Valgarðsdóttir, Sigríður Marteindóttir og Sigrún Einarsdóttir 2014. Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leikskóla. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt af:
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf
9. Skýrsla starfshóps um
eflingu sjálfsmýndar og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum
Sótt af:
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_starfshops_sjalfsmynd_felagsf.pdf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

sent rafrænt á: sfs@reykjavik.is.

Reykjavík, 24. ágúst 2022.

Efni: Umsögn foreldraráðs leikskólans Lundar, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um leikskóla

Undirritaður skipar sem formaður ásamt Hákonni Zimsen, meðstjórnanda, og Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur, ritara, foreldraráð leikskólans Lundar.

Umsögn þessi er send skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Foreldraráð leikskólans Lundar hefur fengið afhenta skólanámskrá Lundar, leikskóladagatal Lundar, umbótaáætlun, langtímaplan fyrir leikskólaárið 2022-2023 og Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs fyrir Leikskólann Lund 2022-2023.

Foreldraráð hefur engar athugasemdir við skólanámskrá né áætlanir leikskólans. Foreldraráð gefur skólanámsskrá og áætlunum leikskólans jákvæða umsögn.

Virðingarfyllst,

f.h. foreldraráðs leikskólans Lundar



Finnur Þór Vilhjálmsson

kt. 120579-5419